



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið

**NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFS-  
KÖNNUNAR FORELDRA BARNA  
HJÁ DAGFORELDRUM  
VORIÐ 2010**

SEPTEMBER 2010





<b>GAGNAÖFLUN OG FRAMKVÆMD</b>	<b>2</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR</b>	<b>3</b>
Svarendur	3
Val á dagforeldri	5
Viðhorf til dagforeldrafyrirkomulags	9
Upphaf dvalar hjá dagforeldri	11
Ánægja með þjónustu dagforeldra	12
Eftirlit með starfsemi	14
Samanburður við kannanir frá 2006	15
<b>SAMANTEKT</b>	<b>16</b>
<b>VIÐAUKI – NIÐURSTÖÐUR EFTIR BAKGRUNNI SVARENDA</b>	<b>17</b>

## Gagnaöflun og framkvæmd

Í júní og júlí 2010 var framkvæmd könnun meðal foreldra barna sem nýttu sér þjónustu dagforeldra í Reykjavík. Þetta var í þriðja sinn sem viðhorfskönnun hefur verið gerð meðal þessara foreldra en fyrri kannanir voru gerðar árin 2008 og 2006.

Markmið könnunarinnar var að kanna viðhorf foreldra til þjónustu dagforeldra og þjónustu Reykjavíkurborgar. Send var út beiðni um þátttöku á netfang foreldra sem voru með barn sitt hjá dagforeldri í 3 mánuði eða lengur veturinn 2009 -2010 og var foreldralisti frá marsmánuði notaður sem grunnur.

<b>Fjöldi barna hjá dagforeldrum í mars</b>	<b>708</b>
Ógild netföng	76
Fengu beiðni um þátttöku	632
Svör	472
Svarhlutfall	74,6%

Í skýrslunni er greint frá helstu niðurstöðum auk þess sem samanburður frá árinu 2008 er nefndur þar sem hægt er. Í viðauka má finna töflur þar sem svör við flestum spurningunum eru birt eftir bakgrunni svarenda.

# Niðurstöður

## Svarendur

Alls tóku 472 foreldrar barna hjá dagforeldrum þátt í könnuninni en mun færri *fedur* en *mæður* svöruðu könnunni eða einungis um 15%. Hærra hlutfall mæðra í könnuninni getur skýrst af því að mun algengara var að netfang móður en föður væri skráð hjá dagforeldrinu. Stærsti einstaki hópur svarenda var á aldrinum 26 ára til 35 ára, háskólamenntaðir voru um 60% og rúm 82% giftir eða í sambúð. Upplýsingar um aldur, menntun og hjúskaparstöðu voru notaðar til þess að greina önnur svör viðmælenda og eru niðurstöður í viðauka I.

**Tafla 1. Hver svarar**

	Fjöldi	Hlutfall
Móðir	389	84,9%
Faðir	69	15,1%
Alls	458	100%
Svara ekki	14	

**Tafla 2. Aldur svaranda**

	Fjöldi	Hlutfall
25 ára eða yngri	56	12,2%
26-30 ára	130	28,3%
31-35 ára	162	35,3%
36-40 ára	83	18,1%
41-45 ára	23	5,0%
46 ára eða eldri	5	1,1%
Alls	459	100%
Svara ekki	13	

**Tafla 3. Menntun svarenda**

	Fjöldi	Hlutfall
Grunnskólanám	51	11,1%
Starfsnám/iðnnám	52	11,3%
Stúdentspróf	65	14,2%
Háskólanám	275	59,9%
Annað nám	16	3,5%
Alls	459	100%
Svara ekki	13	

**Tafla 4. Hjúskaparstaða**

	Fjöldi	Hlutfall
Gift/í sambúð	378	82,5%
Einhleypur	74	16,2%
Annað	6	1,3%
Alls	458	100%
Svara ekki	13	

Foreldrar voru spurðir hvort að barn þeirra ætti systkini sem byggi á sama heimili. Um 60% foreldranna *játaði* því.

Foreldrar voru spurðir hve lengi barnið hafði verið í núverandi vistun en miðað var við að þeir hefðu að lágmarki þriggja mánaða reynslu af þjónustunni. Langflest barnanna höfðu verið í *3 til 12 mánuði* eða um 78%. Þar sem könnunin var lögð fyrir í júní og júlí svöruðu foreldrar 40 barna því að barnið væri *hætt hjá dagforeldri* en hefði verið síðastliðinn vetur. Langflestir þeirra eða 72,5% höfðu verið með barn sitt í vistun í *7 til 12 mánuði*.

**Tafla 5. Hve lengi börnin höfðu verið í núverandi vistun**

	Fjöldi	Hlutfall
3-6 mánuði	135	28,6%
7-9 mánuði	104	22,0%
10-12 mánuði	128	27,1%
13 mánuði eða lengur	65	13,8%
Er hætt hjá dagforeldri en var síðasta vetur	40	8,5%
Alls	472	100%

Foreldrar voru spurðir hvar dagforeldrið, sem barn þeirra var í vistun hjá, væri staðsett. Svörin voru flokkuð eftir skiptingu í þjónustuhverfi Reykjavíkurborgar. Flestir voru með dagforeldri í *Laugardal/Háaleiti* eða um þriðjungur en einnig voru nokkuð margir með dagforeldri í *Árbæ/Grafarholti* eða *Breiðholti* eða um 20% foreldranna í hvoru þjónustuhverfi.

**Tafla 6. Hverfi**

	Fjöldi	Hlutfall
Árbær-Grafarholt	95	20,2%
Breiðholt	101	21,5%
Grafarvogur-Kjalarnes	62	13,2%
Miðborg-Hlíðar	14	3,0%
Laugardalur-Háaleiti	147	31,2%
Vesturbær	51	10,8%
Alls	470	100%
Svara ekki	2	


## Val á dagforeldri

Mjög misjafnt var hvenær foreldrar hófu leit að dagforeldri en í flestum tilvikum voru börnin á aldrinum *4 til 9 mánaða* eða um 57%. Þó var um fjórðungur foreldra sem hóf ekki leit að dagforeldri fyrr en barnið var orðið *10 mánaða eða eldra*. Árið 2008 hófu foreldrar í könnuninni nokkuð fyrr leit að dagforeldri en um 32% hófu þá leit þegar barnið var þriggja mánaða eða yngra.

Tafla 7. Aldur barna þegar leit hófst að dagforeldri

	Fjöldi	Hlutfall
1-3 mánaða	91	19,7%
4-6 mánaða	148	32,0%
7-9 mánaða	114	24,6%
10 mánaða eða eldri	110	23,8%
Alls	463	100%

Misjafnt var hvar foreldrarnir fengu upplýsingar þegar þeir hófu leit að dagforeldri eins og sést á mynd 1. Í flestum tilvikum eða 37,5% fengust upplýsingarnar *frá vini, kunningja eða fjölskyldu*. Næst algengast var að foreldrar leituðu upplýsinga *á heimasíðu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar* eða í um 23% tilvika. Nokkuð margir eða um 17% merktu einnig við að upplýsingarnar hafi komið með öðrum hætti. Þá fengu foreldrar upplýsingarnar *af heimasíðu þjónustumiðstöðvar* í um 15% tilvika.




Mynd 1. Hvar fékkst þú upplýsingar um laust pláss hjá dagforeldri?<sup>1</sup>

Þeir foreldrar sem merktu við að þeir hefðu fengið upplýsingar um laust pláss hjá dagforeldrinu með öðrum hætti voru beðnir um að nánari útskýringu. Algengast var að dagforeldrið væri ættingi, vinur eða nágranni

<sup>1</sup> Tilgreina mátti fleiri en eitt atriði og þess vegna er samanlagt hlutfall herra en 100%.

foreldranna. Þá var nefnt að annað dagforeldri hefði bent á dagforeldrið eða foreldrum bent á dagforeldið af starfsfólki í leikskóla eldra barns. Fram kom líka að margir foreldrar voru ósáttir við að listi á heimasíðum Leikskólasviðs og þjónustumiðstöðva, um laus pláss hjá dagforeldrum, hefði reynst illa uppfærður og ekki marktækur.


Foreldrarnir voru spurðir hvort þeir hefðu þurft á meiri stuðning að halda við val á dagforeldri en langflestir eða 82,1% *neituðu* því eins og sést á mynd 2.



Mynd 2. Hefðir þú þurft á meiri stuðningi að halda við val á dagforeldri?

Þeir foreldrar sem sögðu að þeir hefðu viljað meiri stuðning voru spurðir hvernig stuðning þeir hefðu kosið. Langflestir hefðu viljað geta séð einhverjar upplýsingar um dagforeldrið, áður en þeir hefði samband við það til að athuga með laust pláss, svo sem um aðstöðu, útivist, matinn og jafnvel hvort dagforeldrið hefði einhvern tímann fengið kvörtun eða sjá niðurstöður úr eftirlitsheimsókn. Einnig vildu foreldrar heyra umsagnir frá öðrum foreldrum sem höfðu reynslu af dagforeldrinu. Nokkrir foreldrar kvörtuðu undan því að þegar þeir reyndu að fá einhverjar upplýsingar um dagforeldra frá starfsmönnum þjónustumiðstöðvar eða Leikskólasviði þá var þeim sagt að þeir gæfu ekki slíkar upplýsingar.


Þegar foreldrarnir voru spurðir hvort að þeim hafi þótt þeir hafa úr mörgum eða fáum dagforeldrum að velja þegar þeir voru að leita að dagforeldri fyrir barn sitt þá voru aðeins um 16% sem töldu sig hafa *haft úr mörgum að velja*. Þó voru um 38% sem fannst þeir *hvorki hafa haft úr fáum né mörgum að velja*. Hins vegar taldi nær helmingur foreldranna þeir hafa *haft úr fáum að velja*.



Mynd 3. Þegar þú valdir dagforeldri hafðir þú úr mörgum eða fáum dagforeldrum að velja?


Árið 2008 fannst mun fleiri foreldrum þeir hafa úr fáum dagforeldrum að velja eða um 89% á móti 46% núna.

Rúmlega helmingur foreldranna gerði engan samanburð eða heimsótti fleiri dagforeldra en það sem þeir fengu vist hjá fyrir barn sitt. Af þeim sem gerðu einhvern samanburð skoðuðu flestir einungis *tvo dagforeldra* eða fjórðungur foreldranna. Nokkrir heimsóttu *3 til 4 dagforeldra* en 7 svarendur heimsóttu *5 dagforeldra eða fleiri áður* en þeir tóku ákvörðun um dagforeldri eins og sjá má á mynd 4.




Mynd 4. Gerðir þú samanburð og/eða heimsóttir dagforeldra til að velja úr það sem féll best að þínum óskum?

Aðeins um fjórðungur foreldra hafði kynnt sér *reglugerð um daggæslu barna í heimahúsi* áður en þeir völdu dagforeldri eins og mynd 5 sýnir.




Mynd 5. Kynntir þú þér reglugerð um daggæslu barna í heimahúsi áður en þú valdir dagforeldri?

Mynd 6 sýnir að langflestir foreldrarnir eða um 64% voru með dagforeldri *í sama hverfi og þeir bjuggu í* en af þeim *störfuðu* um 12% einnig í hverfinu. Aðeins um 9% voru með barn sitt í vistun hjá dagforeldri í hverfinu sem það *starfaði* í en hins vegar sótti rúmlega fjórðungur þjónustu dagforeldris í hverfi þar sem þeir hvorki bjuggu né stærðu í.



Mynd 6. Hvar er dagforeldrið staðsett?


Þeir foreldrar sem voru ekki með vistun hjá dagforeldri í því hverfi sem þeir bjuggu í voru spurðir hvort þeir hefðu frekar kosið að vera með dagforeldri í hverfinu sem þeir bjuggu í. Tæplega helmingur vildi frekar vera með dagforeldri í hverfinu sem þeir bjuggu í eins og sjá má á mynd 7.



**Mynd 7. Hefðir þú frekar kosið dagforeldri í hverfinu sem þú býrð í?**

## Viðhorf til dagforeldrafyrirkomulags

Rúmlega helmingur foreldrarnir sagðist *ekki* hafa viljað frekar fá leikskólapláss en dagforeldri þegar þeir hófu leit að dagvistun fyrir barn sitt en í 28% tilvika hefðu foreldrarnir frekar kosið vistun *í leikskóla* og í fjórðungi tilvika hefðu þeir viljað vistun *í ungbarnaleikskóla*. Hluti foreldranna sem vildi frekar vistun í leikskóla var sama hvort um væri að ræða ungbarnaleikskóla eða almennan leikskóla. Ekki var marktækur munur á svörum við þessari spurningu og árið 2008 þegar um 48% vildu ekki frekar vistun í leikskóla.




Mynd 8. Hefðir þú frekar kosið vistun í leikskóla í stað dagforeldris?<sup>2</sup>

Foreldrarnir voru spurðir nánar út í val sitt milli dagforeldra og leikskóla. Þeir sem kusu frekar dagforeldri nefndu að þeim fannst barn sitt vera of ungt til að fara í leikskóla og þjónusta dagforeldris væri líka heimilislegri og notalegri. Þá fannst foreldrunum mikilvægt að það væri fá börn í vistuninni og það gerði breytinguna að fara af heimilinu auðveldari fyrir börnin. Þeir sem hefðu frekar viljað vistun í leikskóla en dagforeldri nefndu að það væri öruggari vistun þar sem það væri fleira starfsfólk, meira af faglærðu starfsfólki, ekki þyrfti að vera heima með barnið vegna veikinda starfsfólks og minna um frídaga. Þá væri að þeirra mati meiri útivera á ungbarnaleikskóla og skipulagt starf sem fæli í sér meiri örvun fyrir barnið.

Nokkrir foreldrar nefndu að þeir kysu frekar leikskóla vegna þess að sú þjónusta er ódýrari en vildu alveg eins þjónustu dagforeldris ef hún væri á sama verði.


<sup>2</sup> Tilgreina mátti fleiri en eitt atriði og þess vegna er samanlagt hlutfall hærra en 100%.

Foreldrarir voru spurðir á hvaða aldursbili þeim fyndist þjónusta dagforeldra henta best. Á mynd 9 kemur fram að algengast var að foreldrum þætti þjónusta dagforeldra henta best fyrir börn *yngrri en 18 mánaða* eða um 50%. Um 26% foreldra fannst þjónusta dagforeldra henta best börnum *yngrri en 2ja ára* en 17% foreldra fannst þjónustan henta best börnum *yngrri en 12 mánaða*. Þeir sem merktu við að miða ætti við annan aldur vildu flestir að dagforeldra fyrirkomulagið væri tekið út og börn gætu verið sem lengst hjá foreldum sínum en færu svo beint í leikskóla.



Mynd 9. Á hvaða aldursbili finnst þér þjónusta dagforeldra henta börnum best?

Foreldrarir voru á sama hátt beðnir um að leggja má á það á hvaða aldursbili þeim fyndist börn ættu að eiga kost á dvöl í leikskóla. Eins og mynd 10 sýnir þá töldu um 46% foreldranna að börn ættu að hefja vistun í leikskóla á aldursbilinu *19 mánaða til 2ja ára* aldurs. Nokkuð margir foreldrar eða um 35% töldu heppilegast að börn væru á aldrinum *13 til 18 mánaða*. Þeir sem nefndu á öðru aldursbili vildu flestir að börn kæmst inn fyrir 18 mánaða aldur inn á leikskóla en fyrir inn á ungbarnaleikskóla.



Mynd 10. Á hvaða aldri finnst þér að börn ættu að hefja vistun í leikskóla?

## Upphaf dvalar hjá dagforeldri

Foreldrar voru spurðir hvað barnið var gamalt þegar það hóf dvöl hjá dagforeldri. Í töflu 8 sést að tveir þriðju barnanna hóf dvölinu á aldrinum 9-14 mánaða. Mjög lítil hluti barnanna hóf vistun fyrr eða einungis um 17%. Börn foreldra í könnuninni 2008 hófu vistun nokkuð yngri en í könnuninni nú.


Tafla 8. Aldur barna þegar vistun hófst hjá dagforeldri

	Fjöldi	Hlutfall
3-5 mánaða	3	0,6%
6-8 mánaða	79	16,8%
9-11 mánaða	210	44,7%
12-14 mánaða	142	30,2%
15 mánaða eða eldri	36	7,7%
Alls	470	100%

Um 40% barna einstæðra foreldra hóf vistun á aldrinum 6-8 mánaða en 12% barna foreldra í sambúð hóf vistun á sama aldri.

Foreldrar voru spurðir hvort þeir hefðu skrifað undir dvalarsamning við dagforeldrið þegar barn þeirra byrjaði í vistun hjá því. Mikill meirihluti foreldranna játaði því eða 81% en árið 2008 var hlutfallið 91%.

Á mynd 11 má sjá að foreldrar fengu langflestir *afrit af dvalarsamningi* sem þeir gerðu við dagforeldrið en hins vegar var mikill minnihluti svarenda sem taldi sig hafa verið *upplýsta um greiðslur vegna frí- og veikindadaga dagforeldris*. Árið 2008 voru það um 17% foreldra sem voru upplýstir um þetta atriði.




Mynd 11. Fékkstu afrit af dvalarsamningnum og varstu upplýst(ur) um greiðslu vegna frídaga/veikindadaga dagforeldris þegar barnið hóf vistun?

Aðeins rúmlega helmingur foreldranna eða 56,8% athugaði hvort að dagforeldrið væri með *gilt starfsleyfi* og er það nær sama hlutfall og árið 2008. Langflestir foreldranna fengu kynningu á fyrirkomulagi niðurgreiðslna frá Reykjavíkurborg, eða 83,4%.


## Ánægja með þjónustu dagforeldra

Næst voru foreldrarnir spurðir hversu ánægðir þeir voru með þjónustu dagforeldrisins. Yfir 90% foreldranna voru *ánægðir* með þjónustuna eins og sjá má á mynd 12 og er hlutfallið næstum það sama og árið 2008.



Mynd 12. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu dagforeldrisins?

Allir svarendur voru beðnir um að merkja við það sem þeir voru sérstaklega ánægðir með varðandi vistunina sem barn þeirra var í. Algengast var að svarendur nefndu *persónulega eiginleika dagforeldris, aðlögun barns og samskipti við dagforeldri*.




Mynd 13. Hvað ertu sérstaklega ánægð(ur) með varðandi vistunina hjá dagforeldrinu?

Annað sem nefnt var að foreldrum þótti vænt um hvað dagforeldrið bæri mikla umhyggju fyrir barninu og tekið væri tillit til þarfa barnsins.


Einnig voru allir svarendur beðnir um að merkja við ef þeir væru sérstaklega óánægðir með eitthvað varðandi vistunina sem barn þeirra var í. Allt að 120 foreldrar merktu a.m.k. við eitt atriði. Í langflestum tilvikum nefndu foreldrarnir að þeir væru óánægðir með *kostnað*. Þá voru þeir óánægðir með *fríðaga og/eða veikindafyrirkomulag, vistunartíma* en foreldrar sögðu t.d. að vistunartíminn væri of stuttur og erfitt væri að fá vistun til klukkan 17. Einnig voru einhverjir óánægðir með *faglegt starf eða dagskipulag*.

Foreldrar voru einnig beðnir um að leggja mat á hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með einstaka þætti í starfsemi dagforeldrisins. Á mynd 14 má sjá að foreldrarnir voru *ánægðastir með aðstöðuna inni* eða nær 80% þeirra en einnig voru 78,5% *ánægðir með aðstöðuna til útiveru* og um 76% með *útiveruna* sjálfa.



**Mynd 14. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðu inni, aðstöðu til útiveru, útiveru, matseðil, dagskipulag og gjaldskrá?**


Þá voru foreldrar spurðir hvort leyfisbréf, matseðil, gjaldskrá eða dagskipulag væri til staðar og/eða sýnilegt. Langflestir töldu að dagforeldrið hefði *leyfisbréf* en aðeins sögðu það 49% sýnilegt foreldranna. Hins vegar töldu um 13% foreldranna að dagforeldrið hefði *ekki leyfisbréf*. Rúmlega helmingur foreldranna svaraði því að dagforeldrið hefði *matseðil* og tæplega 40% foreldranna sagði að dagforeldrið væri *ekki með neitt dagskipulag*.



**Mynd 15. Er dagforeldrið með leyfisbréf, matseðil, gjaldskrá eða dagskipulag og ef svo er, er það sýnilegt foreldrum?**


## Eftirlit með starfsemi

Aðeins 20% foreldranna höfðu fengið að sjá niðurstöðu úr eftirlitsheimsókn frá Leikskólasviði eða verið sagt frá þeim af dagforeldri sem er aðeins hærra hlutfall en árið 2008 þegar það var 12%.




**Mynd 16.** Hefur dagforeldrið sýnt þér eða sagt þér frá niðurstöðum úr eftirlitsheimsókn frá Leikskólasviði, s.s. afrit af gátlista?

Enn færri höfðu fengið að sjá niðurstöður frá ráðgjafaheimsókn daggæsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð hverfisins eða verið sagt frá þeim af dagforeldri.



**Mynd 17.** Hefur dagforeldri sýnt þér eða sagt þér frá niðurstöðum frá ráðgjafaheimsókn daggæsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð í hverfinu, s.s. afrit af gátlista?


Langflestir foreldranna höfðu *aldrei komið á framfæri athugasemd* til þjónustumiðstöðvar eða Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar vegna þjónustu dagforeldris eða 94,4%. Þau 4% sem höfðu *komið á framfæri athugasemd* nefndu frídaga og gjaltdöku vegna þeirra sem ástæðu athugasemda.



**Mynd 18.** Hefur þú einhvern tíma komið á framfæri athugasemd til þjónustumiðstöðvar eða Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar vegna þjónustu dagforeldris sem barnið þitt er hjá?

Aðeins rétt rúmlega helmingur foreldranna vissi hvert þeir ættu að leita með athugasemdir vegna þjónustu dagforeldris.

Á mynd 19 má sjá að mjög fáum foreldrum fannst *of mikið* eftirlit með störfum dagforeldra. Stærsti hópurinn *vissi ekki* hvort eftirlitið væri *of mikið*, *hæfilegt* eða *of lítið* eða um 45%.



Mynd 19. Finnst þér eftirlit með störfum dagforeldra vera of mikið, hæfilegt eða of lítið?

## Samanburður við kannanir frá 2006

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá samanburð á nokkrum spurningum sem hafa verið í öllum þremur könnunum frá árinu 2006.

Tafla 9. Samanburður árána 2006, 2008 og 2010

	2006	2008	2010
Svarhlutfall	79,4%	79,3%	74,6%
Konur	76,8%	40,1%	84,9%
Eldri en 30 ára	53,2%	65,1%	59,5%
Reynsla af dagforeldri meiri en 6 mánuðir	55,9%	74,7%	71,4%
Hófu leit þegar barn var 0-6 mánaða	43,3%	62,9%	51,7%
Fengu upplýsingar um dagforeldri frá:			
Vinum og ættingjum	38,2%	46,7%	37,5%
Heimasíðu Leikskólasviðs	21,4%	32,0%	22,7%
Heimasíðu þjónustumiðstöðva	13,7%	7,5%	3,2%
Ánægja með dagforeldri	92,0%	91,2%	90,1%
Höfðu úr fáum dagforeldrum að velja	87,1%	89,4%	46,4%
Dagforeldri í sama hverfi og búseta	52,5%	53,7%	63,8%
Hefðu heldur kosið leikskóla	50,7%	51,7%	46,6%
Vita hvert á að leita með athugasemdir	58,0%	65,0%	52,8%
Þekkja ekki til eftirlits með dagforeldrum	43,3%	44,3%	44,8%

Í þessari könnun hefur viðhorfum 472 foreldra til þjónustu dagforeldra verið lýst. Stærstur hluti foreldranna var á aldrinum 26-35 ára, giftir eða í sambúð. Langflest barnanna höfðu verið í vistun í 3-12 mánuði þegar könnun var framkvæmd. Flestir svarenda voru með dagforeldri í þjónustuverfinu Laugardal/Háaleiti.

Yfir helmingur foreldranna hóf leit að dagforeldri þegar barnið var 4-9 mánaða. Börnin voru að jafnaði aðeins eldri þegar leit hófst miðað við könnunina 2008. Flestir nefndu óformlegar leiðir svo sem í gegnum fjölskyldu og vini þegar spurt var um hvar þeir fengu upplýsingar um dagforeldra en í næst flestum tilvikum nefndu þeir heimasíðu Leikskólasviðs. Rétt rúmlega helmingur foreldranna kannaði hvort að dagforeldrið hefði gilt starfsleyfi þegar þeir leituðu eftir vistun. Foreldrarnir vildu almennt ekki meiri aðstoð við val á dagforeldri en það ber að hafa í huga að flestir fengu upplýsingar um dagforeldrið frá einhverjum sem þeir þekktu eða þekktu sjálfir persónulega dagforeldrið áður en barn þeirra hóf vistun hjá því.

Foreldrarnir voru sammála um að um fáa dagforeldra hefði verið að velja þegar þeir leituðu að dagforeldri fyrir barn sitt og nýtti þriðjungur foreldra þjónustu dagforeldris í öðru hverfi en þeir bjuggu í. Vildi tæplega helmingur þeirra hafa dagforeldrið í sínu búsetuhverfi. Rúmlega helmingur foreldranna gerði engan samanburð á dagforeldrum áður en það tók vistun hjá því dagforeldri sem barnið þeirra var hjá og einnig var óalgenget að foreldrarnir hefðu kynnt sér reglugerð um daggæslu barna í heimahúsi áður en þeir völdu dagforeldri.

Skoðanir foreldra voru nokkuð skiptar þegar spurt var um val á milli leikskóla eða dagforeldris og höfðu báðir hópar ýmis rök fyrir þeim skoðunum sínum. Ekki var mikill munur á því hvort foreldrar kysu hefðbundinn leikskóla eða ungbarnaleikskóla. Algengast var að foreldrum þætti þjónusta dagforeldra henta best fyrir börn yngri en 18 mánaða. Í samræmi við það taldi stærsti hópur foreldra í þessari könnun að hæfilegt væri að börn hæfu vistun í leikskóla 19-24 mánaða en þó voru það rúm 40% sem töldu leikskóla henta fyrir.

Börn svarenda í þessari könnun voru nokkuð eldri þegar þau hófu vistun hjá dagforeldri miðað við könnuna 2008 en flest hófu þau ekki vistun fyrr en á aldrinum 9-14 mánaða. Nær svarendur skrifuðu undir dvalarsamning og fengu afrit af honum. Mikill minnihluti taldi sig hafa verið upplýstan um greiðslur vegna frídaga eða veikindadaga dagforeldris áður en vistun hófst en langflestum voru kynntar niðurgreiðslur frá Reykjavíkurborg.

Mikil ánægja var með þjónustu dagforeldranna en yfir 90% voru ánægðir með hana. Þetta er svipað hlutfall og í könnunum 2008 og 2006. Grundvöllur ánægjunnar var oftast persónulegir eiginleikar dagforeldrisins, aðlögun barns eða samskiptin við dagforeldrið. Þá voru foreldrar oftast mjög ánægðir með aðstöðu, útiveru, matseðil og dagskipulag en ekki eins ánægðir með verð á þjónustunni. Matseðill og dagskipulag mætti vera sýnilegra foreldrum en leyfisbréf dagforeldris var sýnilegt um helmingi foreldranna.

Fáir höfðu séð niðurstöður úr eftirlitsheimsókn og enn færri höfðu fengið að sjá niðurstöður frá ráðgjafaheimsókn daggæsluráðgjafa og því kom ekki á óvart að margir áttu erfitt með að meta hvort eftirlit með störfum þeirra væri hæfilegt. Rúmur helmingur foreldranna vissi hvert skyldi leita með ábendingar eða athugasemdir um starfsemi dagforeldra en mjög lítil hluti hafði komið slíku á framfæri.

## **Viðauki – Niðurstöður eftir bakgrunni svarenda**

---

<b>GAGNAÖFLUN OG FRAMKVÆMD</b>	<b>2</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR</b>	<b>3</b>
Svarendur	3
Val á dagforeldri	5
Viðhorf til dagforeldrafyrirkomulags	9
Upphaf dvalar hjá dagforeldri	11
Ánægja með þjónustu dagforeldra	12
Eftirlit með starfsemi	14
Samanburður við kannanir frá 2006	15
<b>SAMANTEKT</b>	<b>16</b>
<b>VIÐAUKI – NIÐURSTÖÐUR EFTIR BAKGRUNNI SVARENDA</b>	<b>17</b>

## Gagnaöflun og framkvæmd

---

Í júní og júlí 2010 var framkvæmd könnun meðal foreldra barna sem nýttu sér þjónustu dagforeldra í Reykjavík. Þetta var í þriðja sinn sem viðhorfskönnun hefur verið gerð meðal þessara foreldra en fyrri kannanir voru gerðar árin 2008 og 2006.

Markmið könnunarinnar var að kanna viðhorf foreldra til þjónustu dagforeldra og þjónustu Reykjavíkurborgar. Send var út beiðni um þátttöku á netfang foreldra sem voru með barn sitt hjá dagforeldri í 3 mánuði eða lengur veturinn 2009 -2010 og var foreldralisti frá marsmánuði notaður sem grunnur.

<b>Fjöldi barna hjá dagforeldrum í mars</b>	<b>708</b>
Ógild netföng	76
Fengu beiðni um þátttöku	632
Svör	472
Svarhlutfall	74,6%

Í skýrslunni er greint frá helstu niðurstöðum auk þess sem samanburður frá árinu 2008 er nefndur þar sem hægt er. Í viðauka má finna töflur þar sem svör við flestum spurningunum eru birt eftir bakgrunni svarenda.

# Niðurstöður

## Svarendur

Alls tóku 472 foreldrar barna hjá dagforeldrum þátt í könnuninni en mun færri *fedur* en *mæður* svöruðu könnunni eða einungis um 15%. Hærra hlutfall mæðra í könnuninni getur skýrst af því að mun algengara var að netfang móður en föður væri skráð hjá dagforeldrinu. Stærsti einstaki hópur svarenda var á aldrinum 26 ára til 35 ára, háskólamenntaðir voru um 60% og rúm 82% giftir eða í sambúð. Upplýsingar um aldur, menntun og hjúskaparstöðu voru notaðar til þess að greina önnur svör viðmælenda og eru niðurstöður í viðauka I.

**Tafla 1. Hver svarar**

	Fjöldi	Hlutfall
Móðir	389	84,9%
Faðir	69	15,1%
Alls	458	100%
Svara ekki	14	

**Tafla 2. Aldur svaranda**

	Fjöldi	Hlutfall
25 ára eða yngri	56	12,2%
26-30 ára	130	28,3%
31-35 ára	162	35,3%
36-40 ára	83	18,1%
41-45 ára	23	5,0%
46 ára eða eldri	5	1,1%
Alls	459	100%
Svara ekki	13	

**Tafla 3. Menntun svarenda**

	Fjöldi	Hlutfall
Grunnskólanám	51	11,1%
Starfsnám/iðnnám	52	11,3%
Stúdentspróf	65	14,2%
Háskólanám	275	59,9%
Annað nám	16	3,5%
Alls	459	100%
Svara ekki	13	

**Tafla 4. Hjúskaparstaða**

	Fjöldi	Hlutfall
Gift/í sambúð	378	82,5%
Einhleypur	74	16,2%
Annað	6	1,3%
Alls	458	100%
Svara ekki	13	

Foreldrar voru spurðir hvort að barn þeirra ætti systkini sem byggi á sama heimili. Um 60% foreldranna *játaði* því.

Foreldrar voru spurðir hve lengi barnið hafði verið í núverandi vistun en miðað var við að þeir hefðu að lágmarki þriggja mánaða reynslu af þjónustunni. Langflest barnanna höfðu verið í *3 til 12 mánuði* eða um 78%. Þar sem könnunin var lögð fyrir í júní og júlí svöruðu foreldrar 40 barna því að barnið væri *hætt hjá dagforeldri* en hefði verið síðastliðinn vetur. Langflestir þeirra eða 72,5% höfðu verið með barn sitt í vistun í *7 til 12 mánuði*.

**Tafla 5. Hve lengi börnin höfðu verið í núverandi vistun**

	Fjöldi	Hlutfall
3-6 mánuði	135	28,6%
7-9 mánuði	104	22,0%
10-12 mánuði	128	27,1%
13 mánuði eða lengur	65	13,8%
Er hætt hjá dagforeldri en var síðasta vetur	40	8,5%
Alls	472	100%

Foreldrar voru spurðir hvar dagforeldrið, sem barn þeirra var í vistun hjá, væri staðsett. Svörin voru flokkuð eftir skiptingu í þjónustuhverfi Reykjavíkurborgar. Flestir voru með dagforeldri í *Laugardal/Háaleiti* eða um þriðjungur en einnig voru nokkuð margir með dagforeldri í *Árbæ/Grafarholti* eða *Breiðholti* eða um 20% foreldranna í hvoru þjónustuhverfi.

**Tafla 6. Hverfi**

	Fjöldi	Hlutfall
Árbær-Grafarholt	95	20,2%
Breiðholt	101	21,5%
Grafarvogur-Kjalarnes	62	13,2%
Miðborg-Hlíðar	14	3,0%
Laugardalur-Háaleiti	147	31,2%
Vesturbær	51	10,8%
Alls	470	100%
Svara ekki	2	


## Val á dagforeldri

Mjög misjafnt var hvenær foreldrar hófu leit að dagforeldri en í flestum tilvikum voru börnin á aldrinum *4 til 9 mánaða* eða um 57%. Þó var um fjórðungur foreldra sem hóf ekki leit að dagforeldri fyrr en barnið var orðið *10 mánaða eða eldra*. Árið 2008 hófu foreldrar í könnuninni nokkuð fyrr leit að dagforeldri en um 32% hófu þá leit þegar barnið var þriggja mánaða eða yngra.

Tafla 7. Aldur barna þegar leit hófst að dagforeldri

	Fjöldi	Hlutfall
1-3 mánaða	91	19,7%
4-6 mánaða	148	32,0%
7-9 mánaða	114	24,6%
10 mánaða eða eldri	110	23,8%
Alls	463	100%

Misjafnt var hvar foreldrarnir fengu upplýsingar þegar þeir hófu leit að dagforeldri eins og sést á mynd 1. Í flestum tilvikum eða 37,5% fengust upplýsingarnar *frá vini, kunningja eða fjölskyldu*. Næst algengast var að foreldrar leituðu upplýsinga *á heimasíðu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar* eða í um 23% tilvika. Nokkuð margir eða um 17% merktu einnig við að upplýsingarnar hafi komið með öðrum hætti. Þá fengu foreldrar upplýsingarnar *af heimasíðu þjónustumiðstöðvar* í um 15% tilvika.




Mynd 1. Hvar fékkst þú upplýsingar um laust pláss hjá dagforeldri?<sup>1</sup>

Þeir foreldrar sem merktu við að þeir hefðu fengið upplýsingar um laust pláss hjá dagforeldrinu með öðrum hætti voru beðnir um að nánari útskýringu. Algengast var að dagforeldrið væri ættingi, vinur eða nágranni

<sup>1</sup> Tilgreina mátti fleiri en eitt atriði og þess vegna er samanlagt hlutfall herra en 100%.

foreldranna. Þá var nefnt að annað dagforeldri hefði bent á dagforeldrið eða foreldrum bent á dagforeldið af starfsfólki í leikskóla eldra barns. Fram kom líka að margir foreldrar voru ósáttir við að listi á heimasíðum Leikskólasviðs og þjónustumiðstöðva, um laus pláss hjá dagforeldrum, hefði reynst illa uppfærður og ekki marktækur.


Foreldrarnir voru spurðir hvort þeir hefðu þurft á meiri stuðning að halda við val á dagforeldri en langflestir eða 82,1% *neituðu* því eins og sést á mynd 2.



**Mynd 2. Hefðir þú þurft á meiri stuðningi að halda við val á dagforeldri?**

Þeir foreldrar sem sögðu að þeir hefðu viljað meiri stuðning voru spurðir hvernig stuðning þeir hefðu kosið. Langflestir hefðu viljað geta séð einhverjar upplýsingar um dagforeldrið, áður en þeir hefði samband við það til að athuga með laust pláss, svo sem um aðstöðu, útivist, matinn og jafnvel hvort dagforeldrið hefði einhvern tímann fengið kvörtun eða sjá niðurstöður úr eftirlitsheimsókn. Einnig vildu foreldrar heyra umsagnir frá öðrum foreldrum sem höfðu reynslu af dagforeldrinu. Nokkrir foreldrar kvörtuðu undan því að þegar þeir reyndu að fá einhverjar upplýsingar um dagforeldra frá starfsmönnum þjónustumiðstöðvar eða Leikskólasviði þá var þeim sagt að þeir gæfu ekki slíkar upplýsingar.


Þegar foreldrarnir voru spurðir hvort að þeim hafi þótt þeir hafa úr mörgum eða fáum dagforeldrum að velja þegar þeir voru að leita að dagforeldri fyrir barn sitt þá voru aðeins um 16% sem töldu sig hafa *haft úr mörgum að velja*. Þó voru um 38% sem fannst þeir *hvorki hafa haft úr fáum né mörgum að velja*. Hins vegar taldi nær helmingur foreldranna þeir hafa *haft úr fáum að velja*.



**Mynd 3. Þegar þú valdir dagforeldri hafðir þú úr mörgum eða fáum dagforeldrum að velja?**


Árið 2008 fannst mun fleiri foreldrum þeir hafa úr fáum dagforeldrum að velja eða um 89% á móti 46% núna.

Rúmlega helmingur foreldranna gerði engan samanburð eða heimsótti fleiri dagforeldra en það sem þeir fengu vist hjá fyrir barn sitt. Af þeim sem gerðu einhvern samanburð skoðuðu flestir einungis *tvo dagforeldra* eða fjórðungur foreldranna. Nokkrir heimsóttu *3 til 4 dagforeldra* en 7 svarendur heimsóttu *5 dagforeldra eða fleiri áður* en þeir tóku ákvörðun um dagforeldri eins og sjá má á mynd 4.




Mynd 4. Gerðir þú samanburð og/eða heimsóttir dagforeldra til að velja úr það sem féll best að þínum óskum?

Aðeins um fjórðungur foreldra hafði kynnt sér *reglugerð um daggæslu barna í heimahúsi* áður en þeir völdu dagforeldri eins og mynd 5 sýnir.




Mynd 5. Kynntir þú þér reglugerð um daggæslu barna í heimahúsi áður en þú valdir dagforeldri?

Mynd 6 sýnir að langflestir foreldrarnir eða um 64% voru með dagforeldri *í sama hverfi og þeir bjuggu í* en af þeim *störfuðu* um 12% einnig í hverfinu. Aðeins um 9% voru með barn sitt í vistun hjá dagforeldri í hverfinu sem það *starfaði* í en hins vegar sótti rúmlega fjórðungur þjónustu dagforeldris í hverfi þar sem þeir hvorki bjuggu né stærfuðu í.



Mynd 6. Hvar er dagforeldrið staðsett?


Þeir foreldrar sem voru ekki með vistun hjá dagforeldri í því hverfi sem þeir bjuggu í voru spurðir hvort þeir hefðu frekar kosið að vera með dagforeldri í hverfinu sem þeir bjuggu í. Tæplega helmingur vildi frekar vera með dagforeldri í hverfinu sem þeir bjuggu í eins og sjá má á mynd 7.



**Mynd 7. Hefðir þú frekar kosið dagforeldri í hverfinu sem þú býrð í?**

## Viðhorf til dagforeldrafyrirkomulags

Rúmlega helmingur foreldrarnir sagðist *ekki* hafa viljað frekar fá leikskólapláss en dagforeldri þegar þeir hófu leit að dagvistun fyrir barn sitt en í 28% tilvika hefðu foreldrarnir frekar kosið vistun *í leikskóla* og í fjórðungi tilvika hefðu þeir viljað vistun *í ungbarnaleikskóla*. Hluti foreldranna sem vildi frekar vistun í leikskóla var sama hvort um væri að ræða ungbarnaleikskóla eða almennan leikskóla. Ekki var marktækur munur á svörum við þessari spurningu og árið 2008 þegar um 48% vildu ekki frekar vistun í leikskóla.




Mynd 8. Hefðir þú frekar kosið vistun í leikskóla í stað dagforeldris?<sup>2</sup>

Foreldrarnir voru spurðir nánar út í val sitt milli dagforeldra og leikskóla. Þeir sem kusu frekar dagforeldri nefndu að þeim fannst barn sitt vera of ungt til að fara í leikskóla og þjónusta dagforeldris væri líka heimilislegri og notalegri. Þá fannst foreldrunum mikilvægt að það væri fá börn í vistuninni og það gerði breytinguna að fara af heimilinu auðveldari fyrir börnin. Þeir sem hefðu frekar viljað vistun í leikskóla en dagforeldri nefndu að það væri öruggari vistun þar sem það væri fleira starfsfólk, meira af faglærðu starfsfólki, ekki þyrfti að vera heima með barnið vegna veikinda starfsfólks og minna um frídaga. Þá væri að þeirra mati meiri útivera á ungbarnaleikskóla og skipulagt starf sem fæli í sér meiri örvun fyrir barnið.

Nokkrir foreldrar nefndu að þeir kysu frekar leikskóla vegna þess að sú þjónusta er ódýrari en vildu alveg eins þjónustu dagforeldris ef hún væri á sama verði.


<sup>2</sup> Tilgreina mátti fleiri en eitt atriði og þess vegna er samanlagt hlutfall hærra en 100%.

Foreldrarir voru spurðir á hvaða aldursbili þeim fyndist þjónusta dagforeldra henta best. Á mynd 9 kemur fram að algengast var að foreldrum þætti þjónusta dagforeldra henta best fyrir börn *yngrri en 18 mánaða* eða um 50%. Um 26% foreldra fannst þjónusta dagforeldra henta best börnum *yngrri en 2ja ára* en 17% foreldra fannst þjónustan henta best börnum *yngrri en 12 mánaða*. Þeir sem merktu við að miða ætti við annan aldur vildu flestir að dagforeldra fyrirkomulagið væri tekið út og börn gætu verið sem lengst hjá foreldum sínum en færu svo beint í leikskóla.



**Mynd 9. Á hvaða aldursbili finnst þér þjónusta dagforeldra henta börnum best?**

Foreldrarir voru á sama hátt beðnir um að leggja má á það á hvaða aldursbili þeim fyndist börn ættu að eiga kost á dvöl í leikskóla. Eins og mynd 10 sýnir þá töldu um 46% foreldranna að börn ættu að hefja vistun í leikskóla á aldursbilinu *19 mánaða til 2ja ára* aldurs. Nokkuð margir foreldrar eða um 35% töldu heppilegast að börn væru á aldrinum *13 til 18 mánaða*. Þeir sem nefndu á öðru aldursbili vildu flestir að börn kæmst inn fyrir 18 mánaða aldur inn á leikskóla en fyrir inn á ungbarnaleikskóla.



**Mynd 10. Á hvaða aldri finnst þér að börn ættu að hefja vistun í leikskóla?**

## Upphaf dvalar hjá dagforeldri

